

## Stjórnarfundur Sundráðs ÍRB 24.04.2012

Mættir eru: Sigurbjörg, Falur, Hilmar, Harpa, Anna, Sigurbór, Lúlli, Hjördís, Guðmunda, Guðný, Kolbrún, Guðrún, Ása, Herdís, Unnur, Júlí, Ant.

### 1. Farið yfir síðustu fundargerð

- a. Fundargerð samþykkt

### 2. Landsbankamót

- a. Dómaramál búið er að senda út tilkynningu á dómara enn vantar nokkuð upp á að næganlega margir dómara séu búnir að skrá sig.
- b. Farið var yfir helstu verkefni /stöður sem þarfa að manna.
- c. Botninn á að fara upp miðvikudaginn 9 maí og ekki á að setja hann strax aftur niður.
- d. Fundur verður með foreldrum 2 maí kl: 19:30 í K-húsinu.
- e. Búið er að fá tilboð í verðlaun. Ekki er búið að ákveða hvað hvaða verðlauna gripir verða notaðir. Nokkrar útgáfur eru í boði.
- f. Búið er að fá tilboð í matinn fyrir lokahófið. Tilboði frá IGS tekið.
- g. Ákveðið er að taka tilboði í skemmtiatriði sem Harpa var búinn að fá.
- h. Þetta mót er fyrir Laxa og upp

### 3. AMÍ

- a. Ákveðið að skipta hagnaði af mótinu á milli sundmanna og Sundráðs ÍRB. Hlutfall ákveðið síðar.
- b. Ræða á við SSÍ um að við tökum að okkur að útbúa bækling fyrir AMÍ
- c. Formenn munu funda með SSÍ

### 4. Sumar sund

- a. Verður í Akur- og Heiðarskóla. Búið að fá þjálfara til að sjá um og starfa í sumarsundi.

### 5. Æfingarfyrrkomulag

- a. Ant kynnti breytingar á æfingar fyrrkomulagi hjá þremur efstu hópunum (afreks, eldri og framtíðarhópur) sem tekur gildi á næsta tímabili.

### 6. Önnur mál

- a. Kynna samstarf við Olís á foreldrafundi
- b. Varðandi ferð til Danmerkur, einhverjir eiga enn eftir að borga og einhverjir eru að hætta við.
- c. Nokkuð hefur borið á því að krakkar sem eru að hætta á sundæfingum láti sjálf þjálfara vita af því. Árétta þarf við alla foreldrar og koma því skýrt fram við skráningu að foreldrar/forraðamenn verða að tilkynna gjaldkerum ef barn er að hætta með mánaðar fyrirvara.
- d. 16 eða 17 maí verður hópefli með framtíðar og afrekshóp
- e. Rætt um hvað annað væri hægt að gera með foreldrum og börnum.
- f. Guðmunda spurði um útburð á bréfum sem við sjáum um og hvaða skilyrði þyrfti að uppfylla til að mega vera með.
- g. Ákveðið var að útburður í Reykjavík fari til þeirra sem eru í landsliðsverkefnum.
- h. Almenn umræða um fjáraflanir og hvernig eigi að standa að þeim.
- i. Anna var með spurningu hvort flugfiskar mega fara á Akranesleika og er það leyfilegt.

Fundi slitið kl: 22:00

Næsti fundur boðaður 22. Maí 2012

Fundargerð ritaði Hilmar Örn